

Bættur námsárangur á Austurlandi

Bættur námsárangur á Austurlandi er heiti á þróunarverkefni allra leik- og grunnskóla á svæði Skólaskrifstofu Austurlands sem samþykkt var í vetur af skólastjórnendum og nær til næstu fimm ára.

Markmiðið með verkefninu er að bæta námsárangur nemenda í leik- og grunnskólum á Austurlandi, hlúa að því sem vel er gert, auka samstarf milli skóla og skólastiga. Sérstök áhersla verður lögð á læsi og stærðfræði.

Verkefnið er einkum sprottið upp úr umræðum í kjölfar niðurstaðna úr samræmdum könnunarprófum Námsmatsstofnunar, PISA rannsókna og fleiri þátta í skólastarfi seinni ár. Í umræðunum var horft til þess að nýta það sem vel hefur gefist við að bæta námsárangur og afmarka verkefnið í upphafi. Þá var tekið mið af Hvítbók Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um umbætur í menntun og þjóðaráttak í Læsi fellur einnig vel að þessu verkefni. Stjórn Skólaskrifstofunnar samþykkti að styðja við verkefnið og heimilaði ráðningu á kennsluráðgjafa til viðbótar við þau stöðugildi sem voru fyrir á Skólaskrifstofunni.

Nú liggur fyrir tímasett áætlun Skólaskrifstofu um reglulegar skimanir í öllum skólum þar sem ákveðnir þættir í námi barna eru metnir og niðurstöðum skilað til skóla. Skólar vinna sína stefnumörkun í læsi og stærðfræði og bregðast við niðurstöðum skimana eftir því sem við á, í nánú samráði við nemendur og foreldra þeirra.

Rannsóknir benda til mikilvægi snemmtækrar íhlutunar. Með því að skima reglulega er hægt að fylgjast enn betur með námsstöðu einstakra nemenda og sérstaklega hjá þeim nemendum sem þurfa frekari aðstoð.

Ýmsar rannsóknir hafa líka leitt það í ljós að nemendum í íslenskum skólum líði almennt vel. Það er von okkar að með þessu verkefni verði það áfram ásamt því að bæta námsárangur ennfrekar.

Til þess að þetta geti gengið eftir þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Þar gegna foreldrar og forráðamenn **mjög mikilvægu** hlutverki, með hvetjandi stuðningi við nemendur og skóla, ásamt daglegri aðstoð við heimanám barna sinna.

Markviss þjálfun í undirstöðuatriðum lesturs og stærðfræði snemma á skólagöngunni gegnir lykilhlutverki í að skapa nemendum betri tækifæri til náms og um leið að bæta námsárangur.

Að lokum má benda á heimasíðu Skólaskrifstofu Austurlands (www.skolaust.is/bætturnámsárangur), þar má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um lestur o.fl., ásamt nánari upplýsingar um verkefnið.